## Hulda Kristjánsdóttir

| | |
|---|---|
| **From:** | Hrönn Jónsdóttir <hronn@skeidgnup.is> |
| **Sent:** | miðvikudagur, 6. nóvember 2024 12:01 |
| **To:** | Sylvía Karen Heimisdóttir; Vilborg Ástráðsdóttir |
| **Cc:** | gbriets@gmail.com; Ragnheiður Hilmarsdóttir; Þórarinn Guðni Helgason; Sveitarstjóri Flóahrepps; Ásta Stefánsdóttir; Iða Marsibil Jónsdóttir; Aldís Hafsteinsdóttir; Heilsueflandi Bláskógabyggð |
| **Subject:** | Ungmennaþing |
| **Attachments:** | Bréf um samstarf.pdf |

Góðan dag

Á Sveitarstjórnarfundi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, síðastliðið vor, var lagt fram erindi frá formanni skólanefndar um nauðsyn þess að efla samstarf og samgang allra ungmenna í uppsveitum og Flóa á starfssviði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Samþykkt var að skipuleggja og halda sameiginlegt ungmennaþing fyrir öll ungmenni á svæðinu.

Með meðfylgjandi bréfi köllum við formlega eftir samstarfi viðkomandi sveitarfélaga og ungmennaráða á starfssvæði SVÁ.

Hlökkum til að heyra frá ykkur !

***Með bestu kveðju***


**Hrönn Jónsdóttir**
**Þjónustufulltrúi**
**Skeiða- og Gnúpverjahrepp**

**486-6100**
hronn@skeidgnup.is
www.skeidgnup.is
**Árnes, 804 Selfoss**


*Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og gæta fyllsta trúnaðar. Það er óheimilt að kynna sér efni tölvupóstsins, lesa, skrá það hjá þér eða notfæra á nokkrun hátt. Brot gegn framangreindum lögum geta varðað bótaábyrgð og refsingu.*

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6014 Fax: 486 6091 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

05.11.2024

Góðan daginn

Við í Skeiða- og Gnúpverjahreppi óskum eftir víðtæku samstarfi nágrannasveitarfélaganna með að halda ungmennaþing fyrir ungmennin okkar. Áætlum við að miðað sé við starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Með þessu erindi erum við að leggja til að sameiginlega verði staðið að góðu og málefnalegu málþingi þar sem allir nemendur/ungmenni á umræddu svæði komi saman, eigi lýðræðislegt samtal um sín málefni, móti ályktanir og tillögur sem sveitarfélögin taki síðan til sín. Hugmyndin er að halda þing með þjóðfundarsniði, þ.e. þátttakendum er skipt í hópa á borð þar sem málefni eru rædd og sem fundarritari á hverju borði skráir.

Óskað er einnig, í þessu samhengi, eftir samstarfi við ungmennaráð umræddra sveitarfélaga og félagsmiðstöðvarnar.

Með von um góð viðbrögð

Vilborg Ástráðsdóttir form. skólanefndar
Magnea Guðmundsdóttir form.ungmennaráðs
Hrönn Jónsdóttir þjónustufulltrúi